



8. formannafundur Aftureldingar 2. febrúar 2012

Fundur settur kl. 20.

Mætt frá deildum: **Sund:** Ragnar Stefánsson ; **Frjálsar:** Ólafur Ingi Óskarsson ; **Blak** Guðrún Kristín Einarsdóttir ; **Fótbolti:** Kolbrún Þorsteinsdóttir ; **Badminton:** Stefán A. Stefánsson ; **Taekwondo** Richard Már Jónsson; **Karate:** Andrea M. Jónsdóttir ; **Karfa:** Svala Ingvarsdóttir ; **Fimleikar:** Eva Magnúsdóttir og Brynja Jónsdóttir.

Handbolti: Inga Lilja Lárusdóttir boðaði forföll

Mætt frá aðalstjórn UMFA: Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir, Kristín Reynisdóttir, Hekla Klemenzdóttir. Jóhann Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

1. Aðstöðumál félagsins
2. Íþróttafulltrúi
3. Önnur mál

1. Aðstöðumál félagsins.

Formenn deilda höfðu fundað með sínum stjórnnum og rætt hugmyndir um byggingu stálgrindarhúss að Varmá sem kynntar voru fyrir félaginu með tölvupósti frá bæjaryfirvöldum þann 26. janúar síðastliðinn og ræddar voru á formannafundi að kvöldi þess dags. Formenn upplýstu um álit sinna stjórna sem voru jákvæðar fyrir þessari lausn á aðstöðuvanda fimleika og bardagadeilda. Formaður knattspyrnudeildar kynnti annars vegar álit stjórnar BUR og hins vegar álit stjórnar Knattspyrnudeildar. Álit stjórnar BUR var ekki jákvætt og skilaboð þeirrar stjórnar voru að leggja þyrfti fram lausn varðandi aðstöðuvanda knattspyrnudeildar áður en hægt væri að samþykkja þessa byggingu. Stjórn Knattspyrnudeildar ræddi þann vanda sem deildin stendur frammi fyrir vegna aðstöðuvanda, brottfalls og skorts á nýliðun og kallaði eftir framtíðarsýn bæjaryfirvalda varðandi framtíðaruppbyggingu að Varmá en lagðist ekki gegn hugmyndinni.

Formenn samþykktu ályktun um aðstöðumálin sem fylgir með fundargerð þessari.

2. Íþróttafulltrúi.

Nauðsyn þess að félagið ráði íþróttafulltrúa var enn til umræðu. Gjaldkeri aðalstjórnar fór yfir fyrstu hugmyndir um hugsanlegan kostnað við ráðninguna og möguleika varðandi fjármögnun. Ákveðið að málið verði tekið upp aftur síðar þegar fjármálin verða komin á hreint.

3. Önnur mál

Badminton spurði um stöðu samnings við N1. Formaður upplýsti að það mál væri í biðstöðu Blak minnir á blakmót um helgina, salur 1 og 2. Umræða varð um skráningu móta og leikja og framkvæmdastjóri staðfesti að Google viðburðadagatalið gildi ef um misræmi væri að ræða milli dagatals og bókar í afgreiðslu. Badminton spurði hvort búið væri að skila yfirliti um stöðu

búningamála gagnvart fyrirtækinu Safalinn (Errea) en framkvæmdastjóri upplýsti að tafir hafi orðið á því vegna leyfa starfsfólks fyrirtækisins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00
Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir